

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 127/2005

frá 30. september 2005

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2005 frá 10. júní 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2139/2004 frá 8. desember 2004 um breytingu og framkvæmd reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 571/88 og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB með tilliti til skipulags kannana Bandalagsins á framleiðsluskipan á bújörðum árin 2005 og 2007 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88):
„- **32004 R 2139**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2139/2004 frá 8. desember 2004 (Stjtið. ESB L 369, 16.12.2004, bls. 26).“
2. Í stað skrárinnar í 1. viðbæti komi skráin sem er að finna í viðauka við þessa ákvörðun.
3. Aðlögunarákvæðin í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) breytist sem hér segir:
 - i) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við:
„k) Liechtenstein þarf ekki að láta í té upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð.“
 - ii) Orðin „og Liechtenstein“ í aðlögunarliði d falli brott.
 - iii) Aðlögunarliður f falli brott.
 - iv) Í stað orðanna „Liechtenstein og Ísland eru ekki skyldug til“ í aðlögunarliði h komi orðin „Ísland er undanþegið þeirri skyldu“.
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 23a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB):
„- **32004 R 2139**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2139/2004 frá 8. desember 2004 (Stjtið. ESB L 369, 16.12.2004, bls. 26).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 369, 16.12.2004, bls. 26.

5. Aðlögunarákvæðin í lið 23a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB) breytist sem hér segir:

i) Orðin „Liechtenstein 16 ár“ í aðlögunarlið e falli brott.

ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við:

„f) Ákvörðun þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

6. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 23a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB):

„23b. **32004 R 2139**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2139/2004 frá 8. desember 2004 um breytingu og framkvæmd reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 571/88 og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB með tilliti til skipulags kannana Bandalagsins á framleiðsluskipan á bújörðum árin 2005 og 2007 (Stjtið. ESB L 369, 16.12.2004, bls. 26).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 4. gr.:

„EFTA-ríkin skulu leggja fram fullgilt sundurgreind gögn úr könnunum ársins 2005 á framleiðsluskipan á bújörðum fyrir 31. desember 2006 og fullgilt sundurgreind gögn úr könnunum ársins 2007 á framleiðsluskipan á bújörðum fyrir 31. desember 2008.

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2139/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.